



Sjalfsbjörg
Félag hreyfihamlaðra á
höfuðborgarsvæðinu

Persónuverndarstefna



Almennt

Sjálfsbjörg, félag hreyfihamlaðra, hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og tiltækileika persónuupplýsinga í hvívetna.

Í persónuverndarstefnu þessari er því lýst hvernig Sjálfsbjörg, félag hreyfihamlaðra (hér eftir nefnt Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu) vinnur með persónuupplýsingar. Öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings. Hér má nefna upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, myndefni, netauðkenni, samskipti, bílnúmer og fleira. Í 2. og 3. t.l. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtökin „persónuupplýsingar“ og „viðkvæmar persónuupplýsingar“.

Með vinnslu á persónuupplýsingum er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Sem dæmi um vinnslu á persónuupplýsingum má nefna söfnun þeirra, skráningu, varðveislu, breytingu, miðlun, notkun, skoðun og fleira. Í 4. t.l. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtakið „vinnsla“.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga er sá aðili sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnsluna. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu er ábyrgðaraðili á vinnslu persónuupplýsinga hjá félaginu.

Samskiptaupplýsingar Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu

- Sjálfsbjörg, félag hreyfihamlaðra
- Hátúni 12, 105 Reykjavík
- S: 551 7868
- skrifstofa@sjalfsbjargar.is



Hvaðan koma upplýsingarnar?

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu safnar í flestum tilvikum persónuupplýsingum frá þeim aðila sem persónuupplýsingarnar varða. Í ákveðnum tilvikum safnar félagið persónuupplýsingum frá þriðja aðila og reynir félagið eftir fremsta megni að upplýsa viðkomandi um það.

Hvaða upplýsingar eru unnar og hvers vegna?

Félagsmeðlimir

Hjá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu geta einstaklingar sótt um að gerast félagsmeðlimir og vinnur félagið með persónuupplýsingar framangreindra einstaklinga í þeim tilgangi að skrá þá í félagið og innheimta félagsgjöld. Þegar einstaklingar sækja um félagsaðild, hvort sem þeir veita þær upplýsingar í gegnum heimasíðu eða með öðrum leiðum, og við innheimtu félagsgjalda vinnur Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn, kennitölu, símanúmer og netfang.
- Upphæð félagsgjalda.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Athugasemdir við fundargerðir

Á heimasíðu Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu gefst einstaklingum tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum við einstaka fundargerðir og vinnur félagið með persónuupplýsingar framangreindra einstaklinga í þeim tilgangi að taka á móti slíkum athugasemdum. Þegar einstaklingar setja inn athugasemd vinnur Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn og netfang.
- Athugasemd.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samþykki, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.



Minningarkort

Á heimasíðu Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu gefst einstaklingum tækifæri á að senda minningarkort og vinnur félagið með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að útbúa minningarkort fyrir þann einstakling sem þess óskar. Persónuupplýsingar koma frá þeim aðila sem sendir minningarkortið. Þegar einstaklingar senda minningarkort í gegnum heimasíðuna vinnur Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu með eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn þess einstaklings sem gjöf er afhent til minningar um.
- Tengiliðaupplýsingar um móttakanda, svo sem nafn og heimilisfang.
- Á hvaða tungumáli senda á minningarkortið.
- Tengiliðaupplýsingar um greiðanda, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang og netfang ásamt greiðslufyrirkomulagi.

Séu skráðar persónuupplýsingar um einstakling sem lést innan fimm ára gilda persónuverndarlög um þá vinnslu. Sé lengri tími liðinn frá andláti fellur vinnslan utan gildissviðs persónuverndarlaga. Í þeim tilvikum að persónuverndarlögin eiga við byggir heimild til vinnslu persónuupplýsinga á lögmætum hagsmunum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga um þann einstakling sem á að fá minningarkortið sent byggir á lögmætum hagsmunum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga um þann einstakling sem sendir og greiðir fyrir gjöfina byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Sundkort

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu sér um að gefa út Sundkort fatlaðra fyrir íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR). Tilgangur með vinnslunni er að gefa út sundkort til þeirra einstaklinga sem sækja um það. Einstaklingar sem sækja um Sundkort fatlaðra þurfa að framvísa örorkuskírteini eða sýna staðfestingarblað frá TR um að þeir fái umönnunargreiðslur eða endurhæfingarlífeyri. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu vinnur ekki með framangreindar upplýsingar, þ.e. hvorki skráir né tekur afrit af þeim heldur þurfa einstaklingar aðeins að sýna gögnin í því skyni að sýna fram á að þeir eigi rétt á að fá Sundkort fatlaðra. Þegar Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu gefur út Sundkort fatlaðra vinnur félagið með eftirfarandi persónuupplýsingar:

- Tengiliðuupplýsingar, svo sem nafn og kennitala.



- Heimilisfang.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl.

Tölvupóstur

Einstaklingar geta alla jafna sent okkur tölvupóst á netfangið skrifstofa@sjalfsbjorgar.is ef þeir hafa spurningar í tengslum við starfsemi félagsins en tilgangurinn er að auðvelda og halda utan um samskiptin. Vegna utanumhalds um tölvupóst er Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn og netfang.
- Samskipti.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á lögmætum hagsmunum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Útleiga á sal

Hjá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu er hægt að fá sal til leigu. Tilgangur með vinnslunni er að halda utan um hverjir leigja salinn og hvenær. Þegar einstaklingar hafa samband við Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að leigja sal þarf félagið að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Tengiliðaupplýsingar, svo sem nafn og símanúmer.
- Kennitölu ef um félagsmann er að ræða þar sem þeir fá betri kjör.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Skilaboð í gegnum samfélagsmiðla

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu er bæði á Facebook og Instagram og geta einstaklingar sent skilaboð í gegnum þá miðla. Þegar einstaklingar senda skilaboð í gegnum miðlana er félaginu nauðsynlegt að vinna með eftirfarandi upplýsingar:

- Notendanafn og mynd (ef mynd fylgir notendanafni).
- Skilaboð.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir alla jafna á samþykki, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.



Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu notast við rafrænar lausnir frá þriðja aðila sem auðvelda félaginu að halda utan um og miðla upplýsingum. Eigendur lausnanna kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum. Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu gerir þá ávallt vinnslusamning við viðkomandi þjónustuaðila í samræmi við persónuverndarlög. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli félagsins.

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu kann í ákveðnum tilvikum að deila persónuupplýsingum með þriðja aðila sem ekki er bundinn fyrirmælum félagsins um meðferð þeirra. Rétt er þó að taka fram að framangreindum aðilum er ávallt skylt að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við persónuverndarlög.

Varðveislutími persónuupplýsinga

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu geymir persónuupplýsingar aðeins í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir félagið að hafa þær undir höndum. Þegar ekki er þörf fyrir Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu að hafa persónuupplýsingar lengur undir höndum eyðir félagið þeim með öruggum hætti.

Réttindi þín

Þú nýtur ákveðinna réttinda samkvæmt persónuverndarlögum. Ef þú vilt neyta réttinda þinna máttu hafa samband við okkur í gegnum netfangið skrifstofa@sjalfsbjorg.is. Við höfum einn mánuð til að svara erindi þínu en getum framlengt frestinn um tvo mánuði ef beiðnin er sérstaklega umfangsmikil. Rétt er að taka fram að réttindi þín eru ekki fortakslaus og kunna að vera háð ákveðnum skilyrðum. Hér er að finna yfirlit yfir helstu réttindi þín:



Réttur til aðgangs. Þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að þínum gögnum og fá afrit af þínum persónuupplýsingum.

Réttur til leiðréttingar. Þú átt rétt á að fá upplýsingar um þig sem eru rangar og ónákvæmar leiðréttar.

Réttur til eyðingar. Í ákveðnum tilfellum getur þú átt rétt á að þínum persónuupplýsingum sé eytt. Þetta á einkum við í þeim tilfellum þar sem upplýsingar eru ekki lengur nauðsynlegar, þú hefur andmælt vinnslunni, vinnslan reynist ólögmæt, eða ef vinnslan byggir á samþykki sem þú hefur afturkallað.

Réttur til að andmæla vinnslu. Byggi vinnsla á persónuupplýsingum á lögmætum hagsmunum, og þú telur að hún brjóti gegn grundvallarréttindum þínum, þá getur þú andmælt vinnslunni. Við hættum þá vinnslunni nema við sýnum fram á ríkari hagsmuni af því að halda henni áfram.

Réttur til takmörkunar á vinnslu. Í eftirfarandi tilfellum átt þú rétt á að við stöðvum vinnslu persónuupplýsinga:

- Ef þú véfengir að persónuupplýsingar séu réttar (þar til við getum staðfest að þær séu réttar).
- Vinnslan er ólögmæt, en þú vilt ekki að persónuupplýsingunum sé eytt.
- Við þurfum ekki lengur á upplýsingunum að halda en þú þarfnast þeirra til að hafa uppi, stofna eða verja réttarkröfu.
- Þú hefur andmælt vinnslunni og við höfum ekki bent á ríkari hagsmuni af því að halda henni áfram.

Réttur til að afturkalla samþykki. Í þeim tilfellum þar sem við byggjum vinnslu á samþykki þínu er þér ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Afturköllun á samþykki þýðir þó ekki að vinnslan sem fór fram áður en samþykki var afturkallað sé ólögmæt.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd. Teljir þú að ekki sé farið með persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög átt þú ávallt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd (www.personuvernd.is).



Öryggi persónuupplýsinga

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu hefur gripið til tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana í því skyni að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Aðgangsstýringar eru að kerfum og húsnæði félagsins. Öryggisráðstöfunum þessum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi.

Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar sem verða á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða á því hvernig Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu vinnur með persónuupplýsingar. Á heimasíðu félagsins er ávallt að finna nýjustu útgáfu hverju sinni.